

Fundargerð skólaráðs 8. febrúar 2022

Mætt: Hanna Dóra, Lára, Trostan, Hrund, Sigrún Gylfa, Hákon, Bryndís Gunnhildur, Ragnhildur,

- Vinna við umbótaáætlun.

Þættirnir:

Að kjósa nemendur til tveggja ára í skólaráð.

Tillaga: Að kjósa einn úr 9. bekk til tveggja ára og annan úr 10. bekk til eins árs haustið 2022, óháð framboðum í nemendaráð. Síðan alltaf einn kosin úr 9. bekk í skólaráð. Kosning fer fram í 6. -10. bekk.

Bent á að skólaráð hafi opin fund fyrir alla aðila einu sinni á ári.

Tillaga: Áform um að hafa opin fund að hausti, kynningarfundur, fyrirspurnir og pláss fyrir ábendingar.

Gera einkunnarorð sýnileg í skólastarfi.

Tillaga: Ýmsar hugmyndir ræddar. Þemavinna, reglulega samkeppni um lógó. Hægt að nota á peysur eða eitthvað annað.

Efla okkur í að hafa samráð við alla aðila í nærsamfélagi.

Tillaga: Til dæmis opinn fundur. Til dæmis kynna drög skóladagatals fyrir foreldrum áður en það er samþykkt. Það mætti kanna meðal foreldra hvort eining sé um 173 daga á hverju skólaári. Þ.e. stytting skólaársins. Hægt að bera undir foreldra hvort hentugt sé að hafa frídaga og samráðs og starfsdaga sama í kippum á skóladagatali. Valgreinar hafa þær í samstarfi við aðila hér í héraði.

Hafa nemendur í ráðum við einstaklingsmiðun þar sem það á við.

Efla þátttöku nemenda í skipulagi náms og skólastarfs.

Kynna hagsmunaaðilum innra mat og ytra þegar þær berast.

Huga að því að samræður um þróun og umbætur eigi sér stað meðal allra hagsmunaaðila.